

af því að þeir eru ef til vill norskir eða danskir. Þá má nú ekki gleyma því, hvað það er álitid fínt og tilkomumikið hérna megin hafssins, að fá sér enskt nafn í stað ruddalegu íslenzkú nafnanna,— lálast gleyma Íslenzkenni, ekki sízt þegar menn eru eða þykjast vera að ræða og rita um vísindaleg efni,—verða smámaeltir á *ess-inu*,— og um fíam alt, þegar enskurinn er í námd, að láta þá ekki vitnast þjóðerni sitt. Heima var um eitt skeið álitin ósvinna, ef æðstu embættismenn landsins voru Íslendingar. Nú er sá tími liðinn. En til skamms tíma var þó auðmýktar og undirgefnis svipurinn auðsær, ef gylltum hnöppum og borðalagðri húfu brá fyrir auga. Hér er ekki heldur laust við það sama, ef undir hyllir hvasst nef og kertan hnakka. Sú undrasýn boðar sem jafnast nærveru enska þjóðernisins. Heima var varla talið sæmilegt um eina tíð, að tala annað en dönsku á almannafæri í kaupstöðum eða á höfnum úti. Hér gengur jafnvel guðlasti næst, að tala Íslenzku á strætum úti eða mannamótum, og það þótt mannamótin séu Íslendinga einna. Ef svo stendur á, að Íslenzka er á vörum landans, þegar enska nefið ryksar fram hjá, þá er um að gjöra að vera nógu snar að segja: „Yes, I know, but . . . .“, en svo gjörir ekkert til um áframhaldið, því enskurinn er fokinn úr áheyrn.

Enn eru ótalín ein vandræði Hallfreðar. Á þau hefir reyndar verið drepið ádur í öðru sambandi. Hann þurfti langt of oft að láta til sín heyra. Hann var að vísu eitt hið bezta skáld síns tíma. En engum dylst samt, að mikið af því, er eftir hann geymist, er ekki til orðið fyrir andlega þörf stórrar sálar, heldur til þess að láta þá, er uppi lifðu á hans dögum, vita af því, að hann var til og var nafnkenda vandræðaskáldið hans Ólafs konungs.

Bessi vandræða eiginleiki Hallfreðar virðist einna átak-anlegast hafa komið fram á oss Vestur-Íslendingum. Nálega hver maður, er penna getur valdið, ýmist yrkir eða ritar unni öll möguleg og ómöguleg vísindi og óvísindi, milli himins og jarðar, í jörð og á og það, sem í himminum býr. En mest er þó þjarkið og þrástaglið um það, er engann varðar eður fáa að eins, og engum getur orðið að liði. Blöðin sjálf líta stundum